Hraunvallaskóli

VINÁTTA – SAMVINNA – ÁBYRGÐ

Fundargerð skólaráðs Hraunvallaskóla

Dags: 26.10. 2018. Fundur haldinn í fundarherbergi skólans frá kl. 8.15 - 09:30

Mættir: Lars Jóhann Imsland, Guðbjörg Norðfjörð, Hrönn Garðarsdóttir, Karítas Guðmundsdóttir, Helga Helgadóttir, Hugrún Helga Ketel (fjarverandi),, Björgvin Franz Gíslason (fjarvarandi), Arna Rut Hjartardóttir, Berghildur Björt Egilsdóttir og Elín Björg Símonardóttir.

Dagskrá

1. **Kynning á starfi Tómstundamiðstöðvar Hraunvallaskóla (Hraunsel og Mosi)**
   Sara Pálmadóttir deildarstjóri tómstundamiðstöðvar kynnti starfið í Hraunseli og Mosanum. Um 106-115 börn eru í Hraunseli á hverjum degi. Starfið er fjölbreytt og hafa börnin töluvert val um hvað þau gera á hverjum degi. Frístundabíllinn er mikið notaður og ánægja er meðal foreldra með það verkefni. Starfið í Mosanum er mjög sterkt í miðdeild en hefur dalað á unglingastigi. Verið er að greina hverju veldur og leita leiða til að ná aftur upp góðri mætingu en Mosinn hefur verið mjög vel sóttur af unglingum hingað til. Sara hrósaði þeirri aðstöðu sem félagsmiðstöðin hefur og sagði að til okkar væri litið öfundaraugum hvað aðstöðu og búnað varðar.

2. **Persónuverndarlögin og skólasamfélagið (sjá skjal í viðhengi)**
   Skólastjóri fór yfir 8 þætti sem persónuvernd hefur ályktað um og lúta að skólastarfi. Ljóst er að margir hlutir eru að skýrast hvað varðar ný lög um persónuvernd og áhrif þeirra á skólastarf og skólaráð fagnar því.

3. **Fundur um matarmál í Setbergsskóla**
   Fulltrúum í skólaráðum grunnskólanna var boðið til samráðsfundar um matarmál í grunnskólum Hafnarfjarðar þriðjudaginn 16. október 2018 í íþróttahúsinu við Setbergsskóla. Tilurð fundarins er að Í dag er starfandi á vegum fræðsluráðs Hafnarfjarðar starfshópur um fæðismál í grunnskólum Hafnarfjarðar. Hópurinn hefur það verkefni að skoða matarmál í grunnskólum bæjarins með það að markmiði að finna út hvort það séu möguleikar á heppilegra skipulagi matarmála en nú er, þ.e. möguleikar á meiri sveigjanleika, fjölbreytileika eða breyttu umfangi. Hópurinn stefnir á að skila tillögum sínum til fræðsluráðs Hafnarfjarðar í nóvember 2018. Hrönn Garðarsóttir, Elín Björg og Berghildur fóru fyrir hönd skólaráðs Hraunvallaskóla og sögðu umræður hafa verið góðar.

4. **Skólalóð og skólahúsnæði**
   Skólastjóri óskaði eftir ábendinum frá skólaráði um viðhaldsverkefni eða umbætur sem snúa að skólalóð og húsnæði. Ákveðið var að ræða skólalóðina betur á næsta fundi en þær umbætur sem gerðar voru í sumar hafa ekki allar gengið eftir og betur má ef duga skal. Þá hefur skólaráð áhyggjur af umferð léttra ökutækja á skólalóð líkt og rafmagnshjóla og vespa.

Fundargerð ritaði Lars Jóhann Imsland